

Eftirfarandi skilmálar eru bein þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi útgáfu (des. 06) er Pétur Urbancic, löggiltur skjalapýðandi í/úr þýsku og dómtúlkur.

1. Hvað er einkennandi fyrir einkalíftryggingu?

Einkennandi fyrir einkalíftryggingu er ábyrgð á greiðslu höfuðstóls eða lífeyris til langs tíma til tryggingar eftirlífenda við fráfall, eða tryggingartaka við það, að hann verður óvinnufær eða umönnunarþurfi. Við ábyrgjumst greiðslu umsaminna tryggingarbóta allan trygging-artímann, yfirleitt áratugum saman, en fyrir það greiðir þú iðgjald að upphæð, sem bundin er í samningum.

Þessi ábyrgð veitir þér nauðsynlegt öryggi fyrir framfærslu þína. Upphæð tryggingarbótanna, sem við ábyrgjumst, er óháð þróun áhættunnar, sem tryggð er (fráfalls, óvinnufærni og umönnunar-þarfar), svo og tilfallandi kostnaðar-hækkunum eða aðstæðum á fjármagnsmarkaði á hverjum tíma.

Aldegi má vera hættu á, að við getum ekki staðið við skuldbindingar okkar, og krefst það varkárni við útreikning gjaldskrár. Við verðum að gera viðhlítandi ráðstafanir til að mæta hugsanlegri óhagstæðri þróun hinnar tryggðu áhættu, kostnaðar og fjármagsmarkaða. Vegna þessarar varkárni við áætlanagerð í útreikningi gjaldskrár okkar verður til hagnaður, sem við veitum þér hlutdeild í.

Við gerð ársreiknings finnum við út hagnaðinn. Tryggingarsamningunum er þá hverjum um sig veitt hlutdeild í hagnaðinum eftir þeirri prósentu hagnaðarhlutdeildar, sem tilkynnt er í ársbyrjun, en við það lækkar iðgjaldið, sem kræft er, eða tryggingargreiðslan er hækkuð, þegar og ef til hennar kemur.

2. Hvernig verður hagnaðurinn til?

Hagnaður verður til við það, að raunáhættan verður hagstæðari en gert var ráð fyrir, þ. e. að færri tryggingartilvik koma upp en áætlað var.

Sama á við, ef okkur tekst að gæta sparnaðar í rekstrinum umfram það, sem áætlað var.

Auk þess fellur e. atv. til umframhagnaður af fjárfestingu. Til þess að við getum ávallt staðið við skuldbindingar okkar samkvæmt tryggingarsamningum okkar, verðum við að koma upp svokölluðum varasjóðum á móti þeim tryggingargreiðslum, sem við ábyrgjumst.

Varasjóðirnir svara á hverjum tíma til framlagsins, sem afla þarf, til þess að það nægi ásamt væntanlegum iðgjöldum og vöxtum til þess, að við getum staðið skil á tryggingargreiðslunum, sem við ábyrgjumst. Í tryggingafræðilegum útreikningi er stuðst við vaxtaþrósentu (reiknivaxtaþrósentu) með efri mörkum, sem ákveðin eru í lögum. Ákvörðun þessarar hámarksvaxtaþrósentu miðar einnig að því að tryggja, að staðið verði við samningsskuldbindingar til langs tíma. Útreikningur varasjóðs tryggingar þinnar er byggður á 2,25% vöxtum. Að jafnaði verður arður fjárfestingarinnar hærri en reikningsvöxtunum nemur, og myndast þá hagnaður.

3. Hvernig fá viðskiptavinir okkar hlutdeild í hagnaðinum?

Hagnaður okkar rennur að langmestu leyti til viðskiptavina okkar. Ákveðnar reglur um það eru í reglugerð samkvæmt lögum um tryggingaefirlit (nr. 81 c, Reglugerð um lágmarksendurgreiðslu iðgjalda vegna líftrygginga), en samkvæmt þeim verður að greiða tryggingartaka að minnsta kosti þá hlutdeild, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. ofangreindrar reglugerðar, í nettóhagnaði þeirrar fjárfestingar, sem ætluð er fyrir tryggingargreiðslur í framtíðinni samkvæmt sömu reglugerð. Fjárhæð þessari er fyrst varið til að mæta vöxtum af tillagi til varasjóðs, sem ábyrgst er, en því, sem eftir er af fjármagnstekjum, verjum við til að greiða tryggingartaka sem hagnaðarhlutdeild. Samkvæmt nefndri reglugerð veitum við tryggingartökum einnig hæfilega hlutdeild í hagnaði af áhættu og rekstrarkostnaði.

Hagnaðurinn er reiknaður út árlega samkvæmt reglum verslunarlaga og tilgreindur í ársuppgjöri okkar. Hann

má sjá í ársskýrslu okkar, sem við sendum þér fúslega, ef óskað er. Ársuppgjörið er lagt fyrir eftirlitsstofnunina, sem er þýska fjármálaeftirlitið.

Hluta hagnaðar tryggingartaka færum við viðskiptavinum beint til tekna sem svokallað beint innlegg. Afgangurinn er fyrst um sinn lagður í varasjóð fyrir endurgreiðslu iðgjalds vegna hagnaðarhlutdeildar komandi ára. Um leið færum við úr þessum varasjóði þá fjárhæð, sem verja þarf til að greiða tryggingartökum hagnaðarhlutdeild til viðbótar við beingreiðsluna á yfirstandandi ári. Varasjóðinn má eingöngu nota til greiðslu hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka, en þó má, ef sérstaklega stendur á, verja fé varasjóðsins með samþykki eftirlitsstofnunar til að koma í veg fyrir neyðarástand, með hagsmuni tryggingartaka fyrir augum.

4. Hvernig fær samningur þinn hlutdeild í hagnaðinum?

Þar sem mismunandi tegundir trygginga, - t. d. áhættulíftryggingar til að bæta fráfall fyrir aldur fram eða til að mæta áhættu á óvinnufærni – eiga mismikinn þátt í myndun hagnaðar, setjum við sambærilegar tryggingar saman í flokka. Aðalviðmiðun við myndun slíkra flokka er áhættan, sem tryggt er fyrir. Hagnaðarflokkunum er svo aftur skipt í undirflokka, svo að unnt sé að taka tillit til mismunar innan hagnaðarflokks (t. d. grunnþáttar, viðbótarþáttar, iðgjalda, greiddra með jöfnu millibili, eða ein-greiddra iðgjalda). Hagnaði tryggingartaka er skipt á flokkana eftir uppruna hans.

Í tryggingarskírteininu má sjá, til hvaða tryggingarflokka þættirnir í tryggingu þinni heyra. Samningur þinn öðlast hlutdeild í hagnaðinum eftir þeim flokkum, sem þar eru tilgreindir. Stjórn fyrirtækis okkar ákveður ár hvert upphæð hagnaðarhlutans eftir tillögu ábyrgs tryggingafræðings, og er þá tekið tillit til meðaltalsframlags hvers einstaks tryggingaþáttar til viðkomandi flokks. Við birtum hlut-deildarprósentur hagnaðarins í ársskýrslu okkar, tilgreinum þær í tryggingarskírteini þínu eða á annan hátt.

4.1 Hagnaðarhlutdeild áhættulíftryggingar, endurgreiðsluábyrgðar við samningslok grunnlífeyrstryggingar, viðbótartryggingar vegna óvinnufærni og sjálfstæðrar framfærslu tryggingar vegna óvinnufærni svo og vegna sjálfstæðrar lífeyrstryggingar eftirlífenda

Hagnaðarhlutdeild hvers árs er í samningi þínum ráðstafað til viðbótartryggingar eða til frádráttar frá iðgjaldinu, sem þér ber að greiða, samkvæmt samkomulagi.

4.2 Hagnaðarhlutdeild “Invest - framfærslu vegna óvinnufærni

Við fjárfestum árlega hagnaðarhlutdeild í sjóðahlutum eftir skiptingu, sem þú velur. Arður sjóðanna myndar nýja hlutdeild, þegar til útborgunar hans kemur.

4.3. Hagnaðarhlutdeild viðbótarþátta

Nú kannt þú að hafa innifalið viðbótartryggingarþátt við framfærslu tryggingu vegna óvinnufærni eða höfuðstólstryggingu fyrir framfærslu eftirlífenda við fráfall vegna slyss í tryggingarskilmálum þínum, og má þá finna hagnaðarhlutdeild þessara þátta lýst í tilsvareandi Sérskilmálum okkar.

5. Ekki er unnt að ábyrgjast upphæð hagnaðarhlutdeildarinnar fram í tímann!

Upphæð hagnaðarhlutdeildarinnar er háð áhrifum margra atriða. Þau eru ekki fyrir sjáanleg – ekki síst vegna langs gildistíma samningsins – og ekki á okkar valdi að hafa nema takmörkuð áhrif á þau. Afdrifaríkustu þættirnir eru þróun

tryggðrar áhættu og kostnaðarliða. Þess vegna er ekki unnt að ábyrgjast raunverulega upphæð hagnaðarhlutdeildarinnar fram í tímann.